

ÍFRÓTTIR

RITSTJÓRI: JON BIRGIR PÉTURSSON

Sigurþór Jakobsson leikur með enska áhugamannaliðinu Dulwich Hamlet

★ Sigurþór Jakobsson hinn kunnir knattspyrnumaður úr KR og landsliðinu, hefur nú fengið leyfi frá KSÍ og enska Knattspyrnusambandinu til að leika með enska áhugamannaliðinu DULWICH HAMLET, en það lið er í sama hverfi og skóli sá er Sigurþór gengur í til myndlistarnáms.

Hið fræga enska atvinnumannalið Crystal Palace er einnig í sama hverfi, og var Sigurþóri boðið að æfa með því liði en vegna þess, að æfingartímar atvinnumannanna eru eftir hádegi, varð hann að neita því góða boði, og æfa heldur með áhugamönnum, sem hafa hentugri æfingartíma.

Dulwich Hamlet leikur í hinn frægu Isthmian League, en það er deildarkeppni, milli

20 sterkustu áhugamannaliða Englands og í henni keppa t. d. Hendon bikarmeistarar 1965 og 1960 og mörg önnur fræg áhugamannalið.

Enska landsliðið sem lék Íslendinga svo grátt hér 1963 var nær allt úr liðum, sem leika í þessari keppni.

Dulwich Hamlet hefur gengið mjög illa undan farin ár og nú er liðið í 15 sæti, en keppnin er svo til ný byrjuð og nokkrum leikjum

hefur þurft að fresta vegna veðurs. Enska blaðið South London press, segir frá því með stórri fyrirsögn 7. janúar s.l. að Sigurþór muni spila þá um kvöldið með liðinu, en fréttir af þeim leik né umsagnir blaða hafa ekki borizt, þegar þetta er skrifað. Annar KR-ingur Sæmundur Bjarkan æfir einnig með Dulwich Hamlet og hefur leikið nokkra leiki með liðinu við góðan orðstír Þeir Sæmundur og Sigurþór

njóta mjög góðrar fyrirgreiðslu hjá Englendingum, sérstaklega hjá þeim er heim-sótt hafa Ísland í knattspyrnu keppni, var þeim t.d. boðið í veizlu hjá Middlesex Wanderers, þar sem samankomnir voru helztu forustumenn knattspyrnumála í Englandi og formenn sérsambanda alls staðar að úr heiminum. Þótti mikill heiður í því að vera boðinn í þessa veizlu, sem í voru um 300 manns.



Sigurþór Jakobsson

leikur knattspyrnu í Englandi í frítímum frá listaskólanum.

Sexþrautarkeppni KR

1. hluti.

Sexþrautarkeppni KR, í karlaflokki, hófst í KR-húsinu á miðvikudag 12. jan. Fyrsta keppnisgreinin var langstökk án atrennu. Þátttaka var allgöð, — tíu menn mættu til leiks. Keppnin var mjög tvísýn, og skemmtileg. Nýkjörinn ífróttamaður ársins 1965, Valbjörn Þorláksson, tók forystuna strax í fyrstu umferð keppninnar og hélt henni allt til loka. Var sigur hans öruggur og aldrei í hættu. Í öðru og þriðja sæti urðu hinir landsþekktu langstökkvarar Úlfar Teitsson og Einar Frimannsson. Ungur stúdent, Niels Siemsen, kom á óvart með ágætum árangri. Fleiri nýliðar vöktu athygli. Þeir Ólafur og Björn Sigurðssonir ættu að geta náð langt í framtíðinni, ef þeir leggja rækt við æfingarnar.

Segja má, að sexþrautarkeppnin hafi farið vel af stað og árangur verið athyglisverður og jafn. Frjáls ífróttadeild KR hvetur alla þá ífróttamenn, sem tóku þátt í fyrsta hluta keppninnar, að sækja vel æfingar deildarinnar og mæta til sexþrautarkeppninnar næstu fimm miðvikudaga í KR-húsinu kl. 18.55. Nýir félagar eru ætíð velkomnir! Úrslit í 1. hluta, langstökki án atrennu:

1. Valbjörn Þorláksson 3.04 m 1 tilraun.
2. Úlfar Teitsson 2.98 m. 2. tilr.
3. Einar Frimannsson 2.88 m. 1. tilraun.
4. Niels Siemsen 2.87 m. 1. tilr.
5. Guðjón Guðmundsson 2.86 m. 2. tilraun.

6. Gestur Þorsteinsson 2.85 m. 3. tilraun.
7. Ólafur Guðmundsson 2.84 m. 1. tilraun.
8. Þórarinn Ragnarsson 2.83 m. 2. tilraun.
9. Ólafur Sigurðsson 2.79 m. 5. tilraun.
10. Björn Sigurðsson 2.77 m. 6. tilraun.

(Aðeins 5 cm skildu að 3. og 8. manni) Stjórn FKR.

LANDSLIÐIÐ Í HANDKNATTLEIK FARIÐ UTAN

Í gær fór íslenska landsliðið í handknattleik utan, en liðið keppir á sunnudag í Gdansk við Pólverja en þar taka Pólverjar við hópnum í HM í handknattleik. Í dag verður haldið af stað til Varsjár fljúgandi, og farið með járnbrautarlest mjög hraðskreiðri til Gdansk, sem mun vera 400 km. leið og tekur ferðin milli þessara staða rúma 3 tíma. Pólverjar veittu litlar sem engar upplýsingar um annað varðandi móttökur þrátt fyrir fyrirspurnir.

Á miðvikudaginn heldur íslenska liðið áfram í HM og þá eru mót-herjarnir Danir, sem er þriðji aðilinn í þessum riðli. Verður þá keppt í Nyborg og er fyrir löngu uppselt

á leikinn og Danir talsvert sigurvissir.

Lið Dana hefur verið valið og aðeins ein breyting gerð á liðinu síðan það vann Noreg um jólnið með 19:9. Liðið lítur þannig út:

Erik Holst, Árhús KFUM, Leif Gelvad, AGF, Jørgen Vodsgaard, Árhús KFUM, Ole Sandhøj, Skovbakken, Gert Andersen, HG, Jørgen Petersen, HG, Mogens Cramer, Helsingør, Klaus Kaae, Árhús KFUM, Max Nielsen, MK 31, Iwan Christiansen, Árhús KFUM, og Jørgen Peter Hansen, Tarup

Varamenn: Uffe Madsen, Tarup, og Arne Andersen, Efterslægten.

PÓLLAND — ÍSLAND:

Landsliðið valið í gær

Landsliðið í körfuknattleik var valið endanlega í gærkvöldi, en liðið leikur sína fyrstu landsleiki um og eftir helgina við Pólverja í Laugardalshöllinni.

Liðið er þannig skipað: Birgir Birgis, Ármanni, Davíð Helgason, Ármanni, Agnar Friðriksson, ÍR, Birgir Jakobsson, ÍR.

Hólmsteinn Sigurðsson, ÍR, Ólafur Thorlacius, KFR, Einar Bollason, KR, Kolbeinn Pálsson, KR, Hjörtur Hansson, KR, Gunnar Gunnarsson, KR.

Kristinn Stefánsson, KR, slasaðist fyrir nokkrum dögum, skarst á hendi og verður líklega ekki með, en annars hefði hann leikið

í stöðu miðherja í liðinu. Möguleiki er þó á að hann verði með a. m. k. í seinni leiknum.

Pólverjarnir koma hingað á morgun (laugard.) og leika fyrri leikinn á sunnudaginn, en síðari leikinn á þriðjudag. Forsala aðgöngumiða hófst í morgun og eru miðar seldir í bókaverzlunum Lárusar Blöndal í Vesturveri og á Skólavörðustíg.

Evrópubíkarinn:

FH — DUKLA VALUR — DHFK

● Tvö Norðurlandalið, fimm austantjaldslið. Það eru liðin, sem mætast í 3. umferð Evrópubíkarkeppninnar í handknattleik. Í fyrrakvöld var dregið um hvaða lið mætast í 3. umferð og fór drátturinn fram í París. Voru félögin dregin í þessari röð:

R.K. Zagreb, Júgóslavía — DHFK LEIPZIG
FH — DUKLA, Prag
Honved, Búdapest — Grasshoppers, Zürich
Redbergslið, Gautaborg — SLASK, Póllandi

Liðin, sem talin eru á undan eiga heimaleikinn fyrst, en leikirnir eiga að fara fram á tímabilinu 29. jan. — 27. febr. n.k.

● Í Evrópubíkarkeppni kvenna eru Valsstúlkurnar meðal 8 liða sem enn eru eftir. Þar hefur einnig verið dregið og var röðin þessi:

HG, Kaupmannahöfn — Trud, Moskva
Bayer, Leverkusen — Spartak, Prag
Sofía — Startacus, Búdapest
Valur — DHFK, Leipzig.

● Félagið sem Valur fær er með lið einnig í karlakeppni eins og sjá má, en Ísland er eitt þriggja þjóða sem á lið eftir í báðum keppnum.

Dómari í leik Vals og DHFK hér í Reykjavík verður Norðmaðurinn Knut Nilsson frá Oslo, en seinni leikinn dæmir dómari með því ágæta nafni Suslov.

● Hafnfirðingar voru bæði ánægðir og óánægðir þegar þau tíðindi bárust þeim að þekktasta handknattleikslið heims ætti að leika gegn þeim. „Að vissu leyti er ég ánægður“, sagði Hallsteinn Hinriksson. „Þarna höfum við toppinn í handknattleik og nú fáum við þó örugglega að vita hvar við stöndum“, sagði hann.